

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni um frítekjumark á framfærsluuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

1. *Hver yrði árlegur heildarkostnaður ríkissjóðs af því að taka upp frítekjumark atvinnutekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem næmi 60 þús. kr. á mánuði?*

Árlegur kostnaður ríkissjóðs af því að taka upp frítekjumark atvinnutekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem næmi 60 þús. kr. á mánuði er áætlaður um 500 millj. kr. á ári.

2. *En ef frítekjumarkið væri 120 þús. kr. á mánuði?*

Árlegur kostnaður ríkissjóðs af því að taka upp frítekjumark atvinnutekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem næmi 120 þús. kr. á mánuði er áætlaður um 950 millj. kr. á ári.

3. *En ef frítekjumarkið í báðum tilvikum tæki til allra tekna en ekki aðeins atvinnutekna?*

Árlegur kostnaður ríkissjóðs af því að taka upp almennt frítekjumark sem næði til allra tekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem næmi 60 þús. kr. á mánuði er áætlaður um 3,6 milljarðar kr. á ári.

Árlegur kostnaður ríkissjóðs af því að taka upp almennt frítekjumark sem næði til allra tekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem næmi 120 þús. kr. á mánuði er áætlaður um 7 milljarðar kr. á ári.

4. *Hver yrði heildarkostnaður ríkissjóðs af því að lækka skerðingarhlutfall tekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu úr 65% í 45% og taka um leið upp 60 þús. kr. frítekjumark atvinnutekna gagnvart uppbótinni?*

Heildarkostnaður ríkissjóðs af því að lækka skerðingarhlutfall tekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu úr 65% í 45% og taka um leið upp 60 þús. kr. frítekjumark atvinnutekna gagnvart uppbótinni er áætlaður um 4 milljarðar kr. á ári.